

Siðareglur birgja

Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfyrirtækja

Orkuveita Reykjavíkur og dótturfyrirtækin Veitur, Orka náttúrunnar, Gagnaveita Reykjavíkur og Carbfix, styðja Global Compact, alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna, sem byggir á fjölda annarra alþjóðasamninga. Með því hafa fyrirtækin skuldbundið sig að stefna þeirra og starfshættir séu í samræmi við grundvallarviðmið sem snúa að mannréttindum, vinnumarkaði, umhverfinu og aðgerðum gegn spillingu. Heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu, sem tekur meðal annars til ábyrgra opinberra innkaupa, er eitt áherslumarkmiða Orkuveitu Reykjavíkur.

Í samræmi við þetta gera Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélögin þá kröfu til birgja sinna, það er fyrirtækja og einstaklinga sem sjá OR og dótturfyrirtækjunum fyrir vöru eða þjónustu, að þeir fylgi þessum grundvallarviðmiðum og geri jafnframt kröfu til þess að þeirra birgjar fylgi þeim einnig. Sé þess óskað skal birgi staðfesta að þessum grundvallarviðmiðum sé fylgt.

1. VINNUMARKAÐUR OG VINNUMHVERFI

Stundi ekki félagsleg undirboð, styðji við félagafrelsi, viðurkenni rétt til kjarasamninga og greiði laun í samræmi við þá og lög og reglur.

Tryggi að vinna hjá birgi eða í virðiskeðju hans sé ekki af nauðung, þrælkun né að þar vinni börn undir lögaldri störf sem eru hættuleg heilsu þeirra eða velferð.

Styðji með virkum hætti jafnan rétt til starfsvals, launa og tækifæra í starfi með tilliti til kyns, kynþáttar, trúar, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Vinnuumhverfi starfsfólks sé heilsusamlegt, öruggt og í samræmi við lög. Markvisst og stöðugt sé unnið að öryggis- og heilsumálum starfsfólks.

2. MANNRÉTTINDI

Virði alþjóðleg mannréttindi og stuðli að samstarfi og vinnuumhverfi þar sem einelti, kynferðislegt áreitni eða annað ofbeldi er ekki liðið.

Séu strangari kröfur gerðar í útboðs- eða öðrum innkaupagögnum ganga þær framur þessum almennu reglum.

Komi upp rökstuddur grunur um brot birgis á þessum siðareglum mun OR bregðast við samkvæmt skráðu verklagi sem miðar að úrbótum í samstarfi við birginn. Verði grunurinn staðfestur og tilmæli um úrbætur bera ekki árangur áskilur OR sér rétt til að beita viðurlögum sem geta leitt til þess að viðskiptum við birginn verði hætt.

3. UMHVERFI OG LOFTSLAG

Þekki umhverfisáhrif starfsemi sinnar og hafi stefnu um að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum, til dæmis með þróun og upptöku umhverfisvænni tækni og með því að hvetja til ábyrgðar gagnvart umhverfinu.

Geri sér grein fyrir loftslagsáhrifum síns reksturs og vinni að því að draga úr þeim.

4. GEGN HAGSMUNAÁREKSTRUM OG SPILLINGU

Gæti að því að ekki komi upp hagsmunarárekstrar í viðskiptum við OR eða dótturfélögin og forðast að það líti svo út, til dæmis með því að skyldmenni eða vinir hafi persónulega hagsmuni af viðskiptunum.

Vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum, beint eða óbeint, í eigin þágu eða annarra.